

Verkefnið strákar hjúkra

Staðalmyndir og margbreytileiki

Staðalmyndir eru fyrirfram ákveðnar hugmyndir um útlit eða eiginleika fólks en einnig hafa þær mikil áhrif á líf okkar, eins og hvaða störf við veljum okkur. Staðalmyndir koma t.d. í veg fyrir það að strákar velji sér einn áhugaverðasta starfsvettvang sem til er, þ.e. störf við hjúkrun.

Höfundur

EYGLÓ INGADÓTTIR

hjúkrunarfræðingur og
formaður Jafnréttisnefndar
Landspítala

Aðeins 3% hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á Íslandi eru karlar. Ísland er meðal þeirra landa sem hafa lægst hlutfall starfandi karlkyns hjúkrunarfræðinga í heiminum, en til samanburðar eru 10% hjúkrunarfræðinga í Noregi, Svíþjóð og Bandaríkjunum karlar og 25% á Ítalíu. Og þó að einstaka strákar velji að fara í hjúkrunar- og sjúkraliðanám þá er eins og að órjúfanlegt glerpak haldi fjöldanum niðri.

Sífelld meiri áhersla er lögð á kynjajafnrétti í samfélaginu og að ákveðin störf eða stéttir tilheyri ekki bara einu kyni. Til þess að vinna að þessu hefur verið stofnað til verkefna eins og Stelpur og tækni í HR sem hefur það að markmiði að vekja áhuga 9. bekkjar stelpna á tæknigreinum og svo nú átaksverkefnið #kvennastarf sem fékk íslensku menntaverðlaunin 2022 í flokknum framúrskarandi iðn- eða verkmenntun. Þetta eru frábær verkefni sem hafa örugglega áhrif.

Strákar hjúkra-verkefnið

Árið 2020 fékk verkefnið *Strákar hjúkra – kynning fyrir stráka í 9. bekk grunnskóla* styrk frá Jafnréttissjóði Íslands, en markmið þess var að vekja áhuga stráka á hjúkrunarstörfum, breyta staðalmyndum og fjölga körlum sem velja þennan starfsvettvang. Um var að ræða samstarfsverkefni Jafnréttisnefndar Landspítala og hjúkrunarfræðideilda HÍ og HA. Upphaflega stóð til að hafa stóran kynningardag í anda *stelpur og tækni-verkefnisins* en vegna heimsfaraldursins varð að vera með kynningar fyrir litla hópa. Voru því settar upp vinnusmiðjur fyrir stráka vorin 2021 og 2022, í skólum á höfuðborgarsvæðinu og í Háskólanum á Akureyri, þar sem mikið var lagt upp úr virkri þátttöku strákanna. Þar tóku þeir meðal annars þátt í að hjúkra slösuðum, skipta á sárum, endurlífga og að æfa sig í að sprauta. Hlutverkjaleikir voru notaðir og reynt var eftir fremsta megni að manna vinnusmiðjurnar með fyrirmyndunum, þ.e. karlkyns hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum.



Alls tóku um 1.100 strákar, sem voru í 9 bekk, þátt í vinnusmiðjunum frá 47 skólum. Ekki var hægt að gera markvissar athuganir á ánægju strákanna með vinnusmiðjunar, þar sem það hefði kostað leyfisveitingar frá skólayfirvöldum og foreldrum, en það var eftirtektarvert hversu áhugasamir strákarnir voru. Námsráðgjafar skólanna sendu okkur aðstandendum verkefnisins mat eftir vinnusmiðjunar og ummælin voru öll á einn veg, eins og:

Þetta vakti mikla lukku og opnaði augu strákanna fyrir hjúkrun. Það skiptir máli að hafa karlmenn sem fyrirmyndir fyrir unglingana. Heimsóknin til okkar var frábær. Strákunum fannst verkefnin sem þeir unnu að mjög áhugaverð.

Tíminn verður að leiða í ljós hvort verkefnið hafi breytt staðalmyndum þessara drengja og að þeir velji sér hjúkrun sem starfsvettvang. Styrkurinn frá Jafnréttissjóði Íslands gerði okkur kleift að þróa og prófa skemmtilegar vinnusmiðjur sem gefa áhugaverða og raunsanna mynd af störfum í hjúkrun.


Margbreytileiki er mikilvægur í heilbrigðiskerfinu

Við þurfum margbreytilega einstaklinga til að vinna í heilbrigðiskerfinu og það er mikil þörf á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum og sú þörf á eftir að aukast með fjölgun landsmanna og hækkandi aldri þjóðarinnar. Það er því afleitt að helmingur ungs fólks sjái hjúkrunarstörf ekki sem álitlegan starfsvettvang. Þessu þarf að breyta.

Heilbrigðiskerfið býður upp á að vera kvenna-vinnustaður og sem dæmi má nefna að 79% starfsmanna Landspítala eru konur. Konum hefur fjölgað mikið í læknanámi og í fyrra náðu konur í læknastrétt á Landspítala þeim áfanga að verða helmingur allra lækna á spítalanum. Á næstu árum á það hlutfall eftir að hækka. Ef körlum fjölgar ekki í hjúkrunarstörfum má því ætla að hlutfall karla lækki í heilbrigðiskerfinu á næstu árum og áratugum.

Sumir myndu kannski segja að það væri í góðu lagi, en helmingur sjúklinga er karlar og hlutfall karla sem hjúkra ætti að endurspegla það. Vandamálið er líka samkvæmt rannsóknum, að kynskiptur vinnumarkaður viðheldur launamuni kynjanna og stendur í vegi fyrir að mannauður samfélagsins sé nýttur til fulls. (Sjá t.d. skýrslu um stöðu kvenna og karla á íslenskum vinnumarkaði frá 2015¹).

Hjúkrun er starf sem felur í sér mikla möguleika. Hægt er að sérhæfa sig á fjölmörgum sviðum, starfa út um allan heim og skipta um starfsvettvang innan fagsins. Alltaf er nóg framboð af vinnu og möguleikar á góðum stöðum talsverðir. Það ætti því að vera eftirsótt af ungu fólki af öllum kynjum að mennta sig



„Það er einfaldlega bara sorglegt að strákar leggi ekki í að velja sér starfsvettvang eftir áhuga og hæfileikum vegna úreltra staðalmynda.“

til þessara starfa. Það er einfaldlega bara sorglegt að strákar leggi ekki í að velja sér starfsvettvang eftir áhuga og hæfileikum vegna úreltra staðalmynda.

Í ofangreindri skýrslu kemur líka fram að mikilvægar mótvægisáðgerðir gegn kynskiptum vinnumarkaði séu fræðsla og átaksverkefni sem vinna gegn staðalmyndum í skólum og fjölmiðlum. Við þurfum því kynningar um hjúkrunarstörf, eins og hér var áður lýst, fyrir stráka í grunnskólum. Við þurfum líka markvissar kynningar í framhaldsskólum og námsefni sem vinnur gegn staðalmyndum strax í leikskólum og síðast en ekki síst, þá er mikilvægt að fjölmiðlar og sjónvarpsefni styðji ekki við ríkjandi staðalmyndir heldur reyni að breyta þeim. Einnig væri áhugavert að stofna sérstakt jafnréttisverkefni á hjúkrunarheimilum, þar sem strákum byðist sumarstarf til jafns við stúlkur, en sumarstörf hafa örugglega mikil áhrif á starfsval síðar meir.

Til að vinna gegn staðalmyndum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða þurfum við fjölbreytt verkefni eins hér hefur verið lýst, en til þess þarf fjármagn. Ef við gerum ekkert þá heldur glerþakið áfram að vera órjúfanlegt og koma í veg fyrir að karlar velji sér starfssvið innan hjúkrunar.

¹https://www.stjornarradid.is/media/velferðarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvenna_29052015.pdf